



Fjárlaganefnd Alþingis  
Stefán Vagn Stefánsson, formaður  
Austurstræti 8-10A  
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Amarhvali 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík, 5. desember 2023  
Tilvísun: FJR2023110325

Fjármála- og efnahagsráðherra fer þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að við 2. umræðu frumvarps til fjárlagalaaga ársins 2023 verði gerðar þær breytingar á fjárheimildum málefna- og málaflokka í A1-hluta ríkissjóðs sem fram koma í meðfylgjandi yfirlitum.

Tillögur við 2. umræðu frumvarpsins markast fyrst og fremst af viðbrögðum við jarðhræringum á Reykjanesskaga, áætluðum stuðningi við bændur og leiðréttingu á bundnum útgjaldaskuldbindingum. Samtals er gert ráð fyrir 7.283,3 m.kr. auknum fjárheimildum sem fram koma í **fylgiskjali 1**. Þá eru gerðar tillögur sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld og afkomu ríkissjóðs en þar er um að ræða millifærslur og breytta hagræna skiptingu fjárheimilda sem fram koma í **fylgiskjali 2**.

**Í fyrsta lagi** er lagt til að veita 5.075 m.kr. vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga og skýrist það af þremur tilefnum:

Lögð er til 2.700 m.kr. hækkun á málaflokk *17.40 Varnir vegna náttúruvá*, til byggingar varnargarðs til varnar orkuversins í Svartsengi í þágu almanna- og almannavarna. Markmið framkvæmdanna er að koma í veg fyrir að mikilvægir innviðir og aðrir almannahagsmunir verði fyrir tjóni af völdum eldsumbrota á Reykjanesskaga.

Einnig er lagt er til að á grundvelli nýsamþykkrara laga verði veitt 2.000 m.kr. hækkun á málaflokk *30.10 Vinnumál og atvinnuleysi*, vegna tímabundins stuðnings til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði sem vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ geta ekki gegnt störfum sínum þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu. Lögin gilda enn fremur um stuðning við starfsfólk vegna launataps geti það af sömu ástæðu ekki gegnt störfum sínum á sama tímabili og fær ekki greidd laun frá atvinnurekanda þrátt fyrir að ráðningarsamband sé til staðar. Þá gilda lögin um stuðning við sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna launataps geti þeir af sömu ástæðu ekki gegnt störfum sínum á sama tímabili. Óvissa ríkir um fjölda einstaklinga sem lögin ná til og hver tekjudreifing þeirra er, en gera má ráð fyrir að einstaklingarnir séu 1.500-2.000 talsins og að launagreiðslur til þeirra liggja á bilinu 958-1.412 m.kr. á mánuði. Gildissvið laganna nær yfir tímabilið 11. nóvember 2023 til febrúarloka 2024 og má því ætla að heildarkostnaður vegna launagreiðslna verði 3,5-5,2 ma.kr., þar af 1,6-2,4 ma.kr. sem falla til á árinu 2023.

Loks er gert ráð fyrir 375 m.kr. hækkun á málaflokk *31.10 Húsnæðismál*, í sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík. Um er að ræða tímabundið stuðningsúrræði til þriggja mánaða til að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkur vegna jarðhræringanna. Grindvíkingum var gert að yfirgefa heimili sín þann 10. nóvember sl. á grundvelli laga um almanna- og almannavarnir og miðast húsnæðisstuðningurinn við þá dagsetningu. Í áhrifamati frumvarps um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ er kostnaður áætlaður 220-242 m.kr. á mánuði. Hér gert ráð fyrir 220 m.kr. á mánuði. Þar með er gert ráð fyrir 90% nýtingu en verði nýtingin meiri en sem þessu nemur verður horft til að ráðstafa fjárheimildum úr almennum varasjóði fyrir því sem út af stendur á yfirstandandi ári.

**Í öðru lagi** er lagt til að auka fjárheimildir á málaflokk *12.10 Sjórnun landbúnaðarmála*, um 1.600 m.kr. vegna tímabundins aukins stuðnings við bændur. Tillagan er í samræmi við niðurstöðu

sérstaks starfshóps ráðuneytisstjóra sem skipaður var til að bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu innan landbúnaðar. Samkvæmt greiningum hópsins er vandinn mestur hjá nýliðum í landbúnaði og öðrum þeim sem hafa staðið í fjárfestingum í greininni síðustu ár, auk þess sem lagðar eru til aðgerðir vegna langvarandi afkomubrests í sauðfjárrækt og nautakjötsframleiðslu. Mikilvægt er að stuðningnum verði beint til starfandi bænda og því er gert ráð fyrir að stuðningurinn verði greiddur handhöfum þeirra búa sem uppfylla skilyrði búnaðar- og búvörulaga og gildandi reglugerða fyrir stuðningsgreiðslum í desember 2023. Af fjárheimildinni er gert ráð fyrir að veittar verði 600 m.kr. í viðbót við nýliðunarstuðning til að styrkja sérstaklega undirstöður rekstrar yngri bænda, enda hafa þau staðið í hvað stærstum fjárfestingum. Þá er gert ráð fyrir að 450 m.kr. verði bætt við fjárfestingarstuðning í búvörusamningum annars vegar í nautgriparækt (386 m.kr.) og hins vegar í sauðfjárrækt (64 m.kr.). Viðbótargreiðslurnar munu byggja á fjárfestingum samkvæmt samþykktum umsóknum en ekki áður veittum styrkjum. Þá er gert ráð fyrir að 450 m.kr. verði bætt við býlisstuðning samnings um starfsskilyrði í sauðfjárrækt vegna slæmrar afkomu. Viðbótin greiðist til sauðfjárbúa sem eru með 300 eða fleiri vetrarfóðraðar kindur og eru af þeim sökum hvað háðust tekjum af greininni. Loks er lagt til að 100 m.kr. verði bætt við gripagreiðslur holdakúa í samning um starfsskilyrði nautgriparæktar til að bregðast við slæmri afkomu þar.

**Í þriðja lagi** er um að ræða breytingar á bundnum útgjaldaskuldbindingum sem nema 608,3 m.kr. Annars vegar er 678 m.kr. hækkun á málafllokki *17.30 Meðhöndlun úrgangs*, vegna leiðréttingar á áætlunum vegna Endurvinnslusjóðs og Úrvinnslusjóðs í samræmi við tekjuáætlun. Hins vegar er á málafllokki *23.10 Sérhafið sjúkrahúsljónusta*, fallið frá aukinni fjárfestingarheimild og lækkun rekstrarheimildar hjá Landspítalanum vegna kaupa á bifreiðum. Breytingin tengist slitum félagsins Fjárföng ehf. sem er alfarið í eigu ríkissjóðs og er um að ræða 74,7 m.kr. lækkun. Í frumvarpinu voru lagðar til breytingar á fjárheimildum til að færa eignarhald bifreiða og málaskrár af Fjárföngum ehf. á viðkomandi stofnanir. Í kjölfarið óskaði Landspítalinn eftir því að fallið væri frá breytingum á fjárheimildum vegna kaupa bifreiða hjá þeim og þess í stað mun spítalinn nýta fyrirliggjandi heimildir til kaupanna og endurspeglar tillagan þá útfærslu.

**Í fjórða lagi** eru lagðar til millifærslur milli nokkurra málaflokka sem samtals nema 996 m.kr. og **í fimmta lagi** eru lagðar til nokkrar breytingar á hagrænni skiptingu og nemur fjárhæðin samtals 124 m.kr.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur haft umsjón með skráningu tillagna í fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis og eru þær þar til reiðu fyrir umfjöllun nefndarinnar og fyrir myndun á þingskjöllum breytingartillagna og nefndarálits.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildum í 1. og 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við áhrif af þeirri breytingu sem hér er lögð til, nái hún fram að ganga, að viðbættum þeim breytingum sem fjárlaganefnd kann að leggja til.

Endurmat á afkomu ársins 2023 sem birt var í greinargerð með fjárukalagafrumvarpinu gerir ráð fyrir að halli á heildarafkomu ríkissjóðs verði um 45 ma.kr. eða 1,1% af VLF á þessu ári. Það er umtalsvert betri afkoma en áætlun fjárlaga ársins sem gerði ráð fyrir um 120 ma.kr. halla eða 3% af VLF. Framangreindar breytingar á útgjaldamálum við 2. umr. frumvarpsins leiða til þess að afkomuhorfur ríkissjóðs á yfirstandandi ári versna lítillega til samræmis við umfang breytinganna. Þá hafa tekjuhorfur lækkað lítillega, eða um 1,2 ma.kr., vegna lægri arðgreiðslna en gert var ráð fyrir í fyrra endurmati. Samanlagt er afkoma ríkissjóðs því lakari um u.þ.b. 9 ma.kr. og er halli á heildarafkomu því áætlaður um 54 ma.kr. eða um 1,3% af VLF að teknu tilliti til breytinga við 2. umr. frumvarps til fjárukalaga árið 2023.

Vakin er athygli á því, einkum í ljósi óvissunnar um þróun mála á Reykjanesi, að ekki er lagt til að ráðstafa fjárheimildum úr almennum varasjóði fjárlaga til að mæta útgjöldum framangreindra mála. Þess í stað er áfram gert ráð fyrir að til ráðstöfunar verði 3,8 ma.kr. svigrúm á almenna varasjóðnum til að geta mætt útgjaldaskuldbindingum sem kunna að eiga sér stað fram til loka þessa árs. Þar er m.a. horft til umframkostnaðar hjá viðbragðsaðilum en sérstakur starfshópur vinnur að því að taka saman þann kostnað og verður viðeigandi fjárheimilda aflað í kjölfarið. Komi til þess að þær heimildir verði ekki nýttar að fullu þá munu eftirstöðvarnar falla niður í árslok og verður afkoma ríkissjóðs þá betri sem því nemur.



F.h.r.

Björn Þór Hermannsson / Hlynur Hreinsson